

Menntamál:

Árþing SASS 2016 leggur ríka áherslu á aukið framboð háskólanáms á Suðurlandi. SASS hvarmar það að Íþróttá- og heilsufræðinám Háskóla Íslands á Laugarvatni verði flutt burtu en fagnar því að Háskólinn hefji fjarnám í völdum greinum á haustönn 2017 í ljósi niðurstaðna úr könnun sem HÍ, HfSu og SASS munu standa sameiginlega að í lok árs 2016. Kannað verður eftirspurn eftir fjarnámi á háskólastigi á Suðurlandi, annars vegar meðal almennings og hins vegar meðal stjórnenda fyrirtækja. Jafnframt standa þessir aðilar sameiginlega að markaðssetningu og kynningu á námsframboðinu.

Árþing SASS 2016 tekur undir hugmyndir SÍS um að skoðað verði að endurgreiða námslán eða breyta námslánnum í styrk, fyrir þá sem velja að búsetja sig á landsbyggðinni að loknu háskólanámi. Þessi leið mun efla dreifðari byggðir, eins og dæmin sanna hjá nágrannaþjóðum okkar.

Árþing SASS telur mikilvægt að sækja fram og efla þær skólastofnanir sem fyrir eru á svæðinu, ásamt því að ná betri tengingu þeirra við atvinnulífið bæði með eflingu verknáms og samtali við atvinnurekendur. Árþingið hofir til þess að Starfamessa 2017 verði góður vettvangur fyrir aukið samtal atvinnulífs og menntunar. Þannig næst meiri verðmætanýting auðlinda og fjölbreyttari störf verða til. Árþing SASS 2016 tekur undir áhyggjur sem komu frá á þingi Ungmennaráða á Suðurlandi um lokun heimavistar Fsu á Selfossi.

Menningarmál:

Árþing SASS 2016 leggur áherslu á að standa vörð um **aukið fjármagn í úthlutun til menningarmála hjá Uppbyggingarsjóði Suðurlands**. Mikil gróska er í menningarmálum og því er mikilvægt að hlúa að slíkri starfsemi.

Nefndin leggur til að Aðalfundur SASS haldinn 20. - 21. október 2016 samþykki að slíta Menningarráði Suðurlands. SASS tekur yfir verkefni og starfsemi Menningarráðs Suðurlands. Eignir og skuldir Menningarráðs Suðurlands flytjast til SASS og samtökin taka einnig yfir samninga og skuldbindingar ráðsins.